

Helstu fréttir

Sveitarfélagið Stykkishólmur

11. tbl. 3. árg.

5. desember 2025



Ljósín á jólatrénu í Hólmgarði voru tendruð við hátíðlega athöfn 24. nóvember síðastliðinn.

Íbúafundur um fjárhagsáætlun og aðalskipulag

Boðað er til íbúafundar mánudaginn 8. desember um fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir tímabilið 2026-2029 og vinnu við nýtt aðalskipulag sveitarfélagsins. Fundurinn fer fram á Höfðaborg, Skólastíg 14, og hefst kl. 17:00 þann 8. desember. Á fundinum mun bærarstjóri fara yfir meginmarkmið fjárhagsáætlunar, helstu áherslur hennar og fyrirhugaða uppbyggingu. Auk bæjarráðs og bærarstjórnar hafa fas-

tanefndir sveitarfélagsins undanfarið fjallað um fjárhagsáætlun og gjaldskrár á fundum sínum og byggir áætlunin á þeirri vinnu. Fjárhagsáætlunin verður tekin til síðari umræðu á fundi bærarstjórnar 11. desember næstkomandi. Eins og íbúar þekkja eru bærarstjórnarfundir sendir út í beinni útsendingu á Youtuberás Stykkishólms og má þar fylgjast með umfjöllun bærarstjórnar um fjárhagsáætlun og

gjaldskrár sveitarfélagsins. Á íbúafundinum munu fulltrúar Alta einnig kynna vinnu við nýtt aðalskiplag, það fyrsta fyrir sameinað sveitarfélag. Í aðalskipulaginu verður mörkuð framtíðarstefna sveitarfélagsins í þróun þéttbýlis og dreifbýlis. Þá verður einnig kynntur nýr kynningarvefur um aðalskipulagsvinnuna. Íbúar eru hvattir til að nýta tækifærið og koma á framfæri sjónarmiðum um framtíðarþróun sve-

itarfélagsins. Til frekari umhugsunar til undirbúnings fyrir þróun þéttbýlis og dreifbýlis má t.d. velta fyrir sér: (1) Hvaða náttúrulegu og menningarlegu gæði og sérkenni bæjarins og sveitanna ætti að vernda og styrkja og (2) hvar og hvernig væri hægt eða ætti að gera það. Íbúar eru hvattir til að mæta á fundinn, kynna sér málin og koma sjónarmiðum sínum á framfæri.

Skógarstrandarvegur loksins forgangsverkefni í samgönguáætlun



Holóttur vegur um Skógarströnd.

Alþingi hefur nú til meðferðar tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2026–2040 ásamt fimm ára aðgerðaáætlun 2026–2030, en innviðaráðherra kynnti í byrjun desember áform ríkisstjórnarinnar á kynningarfundum sem bar yfirskriftina „Ræsum vélarnar“. Þar var lögð áhersla á að efla viðhald vega, hefja stórframkvæmdir og hraða uppbyggingu innviða um land allt.

Í fyrirliggjandi samgönguáætlun er Snæfellsnesvegur 54 um Skógarströnd loks settur í forgang hvað nýframkvæmdir varðar og gert ráð fyrir umfangsmiklum framkvæmdum á veginum á næstu árum. Þá er verið að leggja grunn að lagfæringum og uppbyggingu á Stykkishólmsvegi inn í Stykkishólm, en það

er tekið úr öðrum potti (ekki nýframkvæmdum).

Samkvæmt áætluninni verður ráðist í uppbyggingu og lagningu bundins slitlags á Snæfellsnesvegi á kaflanum Stykkishólmsvegur – Svelgsá á árunum 2026–2027, en uppbygging á þessum kafla var eitt af áherslumálum samstarfsnefndar í sameiningu Stykkishólmsbæjar og Helgafellssveitar sem samþykkt var árið 2022. Áframhaldandi uppbygging er svo fyrirhuguð á Skógarstrandarvegi á árunum 2028–2030 og áfram á 2. og 3. tímabili samgönguáætlunar. Vegurinn er í dag malarvegur með sex einbreiðum brúm og hefur arðsemi framkvæmdanna verið metin jákvæð.

Heildarkostnaður við uppbyggingu Skógarstrandarvegur er metinn um 12,55 milljarða

króna og 750 milljónir króna á kaflanum Stykkishólmsvegur – Svelgsá. Skógarstrandarvegur er eini stofnvegurinn á Vesturlandi sem enn er malarvegur, þrátt fyrir að vera hluti grunnnets samgöngukerfis landsins, og gegnir lykilhlutverki í tengingu milli byggðarlaga á svæðinu, m.a. Sveitarfélagsins Stykkishólms og Dalabyggðar. Vegurinn skiptir þar af leiðandi miklu fyrir ferðaþjónustu, atvinnulíf, vinnu- og skólasókn sem og almenna byggðafestu á svæðinu.

„Uppbygging sem mun bæta lífsgæði“

„Þetta er auðvitað mikilvægur áfangi fyrir íbúa í Stykkishólmi, Helgafellssveit og Dalabyggð og alla þá sem ferðast milli Snæfellsness og sunnanverðra Vestfjarða og Norðurlands, en sérstaklega fagna ég uppbyggingu vegarins innan sveitarfélagsins“ segir Jakob Björgvin Sigríðarson Jakobsson, bæjarstjóri. „Við hefðum þó viljað sjá mun meiri þunga í uppbygginguna á árunum 2028–2030. Við höfum ítrekað bent á að Skógarstrandarvegur eigi samkvæmt markmiðum samgönguáætlunar að vera í forgangi við ráðstöfun fjármuna. Nú blasir þó

við áframhaldandi uppbygging sem mun bæta umferðaröryggi, stytta ferðatíma og skapa betri forsendur fyrir atvinnulíf og þjónustu á svæðinu, að frátöldum bættum búsetuskilyrðum þegar vegurinn verður fullbúinn með þverun Álfafjarðar.“

Áralöng vinna skilar árangri - Áfram áherslumál og þörf á að flýta framkvæmdum

Sveitarfélagið Stykkishólmur hefur um árabil, ásamt Dalabyggð og öðrum nágrennasveitarfélögum, með stuðningi Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi í gegnum Samgönguáætlun Vesturlands, unnið ötullega að því að koma uppbyggingu Skógarstrandarvegur á dagskrá. Bæjarstjórn og atvinnu- og nýsköpunarnefnd Stykkishólms hafa samþykkt fjölmargar ályktanir um málið, sveitarfélagið hefur unnið skýrslur og greinargerðir og komið þeim á framfæri við Vegagerðina og umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis, auk þess sem fjölmargar kynningar hafa verið gerðar fyrir þingmenn og ráðherra um mikilvægi vegarins sem hluta af grunnneti íslenskra samgangna.

Sveitarfélagið fagnar því

að þessi sjónarmið endurspeglar nú í samgönguáætlun, en vinnunni er ekki lokið. Þrátt fyrir tímasetta áfangi í samgönguáætlun telur sveitarfélagið afar brýnt að fjármögnun og framkvæmdum verði flýtt, enda hefur ástand vegarins lengi verið óviðunandi og mikill samfélagslegur ábati af

því að hefja uppbyggingu fyrir en endurspeglar í fyrirbyggjandi samgönguáætlun.

„Við sjáum fyrir okkur að unnt sé að ráðast í ákveðna verkþætti fyrir, bæði með aukinni fjármögnun á fyrstu árum áætlunar og með því að hraða vinnu vegna undirbúnings við þverun Álfafjarðar,“ se-

gir Jakob Björgvin, bæjarstjóri. „Þar munum við halda áfram að tala um mikilvægi vegarins, í nánun samstarfi og samvinnu við Dalabyggð.“

Sveitarfélagið mun áfram fylgja málinu fast eftir gagnvart Alþingi, innviðaráðherra og Vegagerðinni. Sérstök áhersla verður lögð á að framkvæmdir hefjist

á tilgreindum tíma, að endanleg veglína verði unnin í nánun samstarfi við Dalabyggð og að lokið verði sem fyrst við valkostagreiningu og umhverfismat vegna þverunar Álfafjarðar þannig að hægt verði að uppfæra samgönguáætlun í kjölfarið í samræmi við niðurstöðuna.

Nóg um að vera á aðventunni í Stykkishólmi



Þessi mynd var tekin á glæsilegum tónleikum sem haldnir voru til styrktar Herðísar Ásgeirsdóttur 2. desember.

Aðventan er viðburðaríkur tími í Stykkishólmi og færast sífellt í aukanna að landsmenn sækja Hólminn heim til að upplifa töfrandi jólastemninguna með heimamönnum. Líkt og undanfarin ár er hafa helstu viðburðir aðventunnar í Stykkishólmi verið teknir saman í aðventudagskrá sem nú hefur verið borin í

öll hús í Stykkishólmi. Athygli er vakin á því að dagskráin nær ekki utan um lengda opnunartíma verslana eða tilboð og er fólk því hvatt til að vera á tánun og fylgjast vel með auglýsingum frá þjónustuaðilum á svæðinu. Á www.visitstykkisholmur.is undir hvað er í gangi má nálgast frekari upplýsingar um jólaopn-

anir, jólahlaðborð, tilboð þjónustuaðila og fleira. Einnig er vakin athygli á að fyrirhugað er að halda þrettándabrennu líkt og gert hefur verið undanfarin ár þó það komi ekki fram á dagatalinu. Fjölarga áhugaverða viðburði má finna á dagatalinu í ár, jólamarkaðir, tónleikar, opin hús og hvað eina. Þá má einnig minna

á ratleikinn góða sem hefst 11. desember þegar stór mynd af Grýlu og leppalúða dúkkar upp á góðum stað í bænum. Þau hjón geyma svo vísbendingu um hvar finna meigi Stekkjastaur daginn eftir og svo koll af kolli. Tilvalin heilsubót fyrir fjölskyldur að fá sér göngu um bæinn og leita að jólasveinum.

Jólaljósín tendruð í Hólmgarði

Mánudaginn 24. nóvember voru ljósín á jólatrénu í Hólmgarði tendruð við hátíðlega athöfn. Viðburðurinn var með hefðbundnu sniði. Kvenfélagið selði heitt súkkulaði og smákökur, nemendur 1. bekkjar tendruðu ljósín og þrír jólasveinar komu færandi hendi til að

gleðja börnin. Það var kalt og stillt veður þegar Hólmarar fjölmennu á þennan rötgróna viðburð í Hólmgarði. Nemendur í þriðja bekk grunnskólans fóru nokkrum dögum áður í Sauraskóg og völdu jólatréð í ár í samvinnu við Björn Ásgeir, formann skógræktarfélagsins.



Stúfur kom færandi hendi.



Fjöldi fólks dansaði í kringum jólatréð.



Jólasveinarnir vöktu mikla lukku.

Frágangur við Aðalgötu



Ráðist var í umfangsmiklar malbikunarframkvæmdir í Stykkishólmi

í sumar þegar Aðalgata og hluti Borgarbrautar voru lagfærðar ásamt

fleiri viðgerðum á vegum bæjarins. Nú í byrjun desembermánaðar kom flokkur manna með kantvél í bæinn og steiptu fallegan kant

meðfram nýju malbiki á Aðalgötunni. Í kjölfarið, þegar tíðarfar leyfir, verður svo gengið frá á svæðinu með sambærilegum hætti og áður var.

*Fréttir og umbrot blaðsins annast
Jón Sindri Emilsson,
aðstoðarmaður bæjarstjóra.*